

Minnisblað um stjórnarsýslu

Dagsetning:	21. febrúar 2022
Verkkaupi:	Helgafellssveit og Stykkishólmsbær
Efni:	Drög að minnisblaði um stjórnarsýslu.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

Sameining sveitarfélaga snýst öðru fremur um að mynda nýja stjórnskipulagseiningu. Stjórnvald sem tekur ákvarðanir um réttindi, skyldur og þjónustu við íbúa. Á nokkrum fundum samstarfsnefndar um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar var stjórnarsýsla mögulega sameinaðs sveitarfélags til umræðu. Farið var yfir mögulega uppbyggingu stjórnskipulags, áskoranir, tækifæri og mögulegar breytingar ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur.

Framtíðarsýn stjórnskipulags

Samstarfsnefnd leggur til að Samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar verði nýtt sem grunnur að samþykkt sameinaðs sveitarfélags. Í bæjarstjórn verði sjö fulltrúar.

Lagt er til að fastanefndir verði eftirfarandi:

1. Bæjarráð
2. Dreifbýlisráð
3. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
4. Skipulags- og byggingarnefnd
5. Skóla- og fræðslunefnd
6. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd
7. Velferðar- og jafnréttismálanefnd
8. Æskulýðs- og íþróttarnefnd
9. Safna- og menningarmálanefnd
10. Hafnarstjórn
11. Kjörstjórn
12. Landbúnaðarnefnd

Með það að markmiði að koma til móts við áhyggjur íbúa í dreifbýli af því að missa áhrif á verkefni í nærsamfélaginu, leggur Samstarfsnefnd til að stofnað verði þriggja manna dreifbýlisráð. Að tveimur kjörtímabilum liðnum skal bæjarstjórn í samstarfi við dreifbýlisráð meta árangur af fyrirkomulaginu og taka ákvörðun um framhaldið, en að öðrum kosti fellur dreifbýlisráðið sjálfkrafa niður.

Lagt er til að einn fulltrúi og annar til vara verði kjörnir af sveitarstjórn og skulu þeir vera aðalfulltrúar í sveitarstjórn. Kjör þeirra fari fram á sama fundi og sveitarstjórn kýs fulltrúa í

fastanefndir og ráð sveitarfélagsins. Tveir fulltrúar og tveir til vara skulu kosnir beinni kosningu af íbúum sem kosningarétt hafa í dreifbýlinu á sambærilegan hátt og við óhlutbundnar kosningar til sveitarstjórna. Aðeins íbúar í dreifbýli hafa kosningarétt og eru kjörgeng í ráðið. Samstarfsnefnd leggur til að dreifbýlisráð annast þau störf sem sveitarstjórn felur því og snýr að viðkomandi byggðahluta og felur í sér sérverkefni dreifbýlis.

Tillaga að verkefnum dreifbýlisráðs:

- Dreifbýlisráð annast þau verkefni sem sveitarstjórn felur því innan sinna staðarmarka.
- Dreifbýlisráð hefur heimild til að vísa málum á dagskrá sveitarstjórnarfundar.
- Dreifbýlisráð skal fá til umsagnar tillögur um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, innan sinna staðarmarka.
- Dreifbýlisráð veitir umsagnir samkvæmt 13., 15. og 17. gr. jarðalaga nr. 81/2004, varðandi landskipti, sameiningu jarða og umsókn um lögbýlisrétt.
- Dreifbýlisráð situr í stjórn félagsheimilisins Skjaldar fyrir hönd sveitarfélagsins og stuðlar að menningarstarfi í húsinu.
- Fjárhagsáætlun skal koma til umsagnar dreifbýlisráðs áður en hún er tekin til umræðu í sveitarstjórn.
- Komi til frekari sameiningarviðræðna skal fulltrúi úr dreifbýlisráðs eiga sæti í samstarfsnefnd.
- Skipulag skólaaksturs í samstarfi við skóla.
- Dreifbýlisráð er málsvari íbúa í dreifbýli gagnvart sveitarstjórn og veitir umsagnir um málefni dreifbýlisins.

Samstarfssamningar

Sveitarfélögin eru aðilar að eftirfarandi samningum um samstarf samkvæmt upplýsingum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti:

- Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga
- Stofnsamningur Byggðasamlag Snæfellinga bs.
- Sameiginlegt þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða
- Samþykktir fyrir Sorpurðun Vesturlands hf.
- Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis
- Sameiginlegt skipulags- og byggingamál á Snæfellsnesi
- Fjölbrautaskóla Snæfellinga í gegnum Jeratún ehf. sem er eigandi fasteigna skólans.
- Sameiginleg fjallskilasamþykkt er fyrir Snæfellsnes

Auk þess er slökkvilið Stykkishólmsbær aðili að samningi um gagnkvæma aðstoð slökkviliða.

Bæði sveitarfélög eru aðilar að Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Markmið SSV er m.a. að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum, efla samstarf sveitarfélaganna og auka kynningu sveitarstjórnarmanna og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans.¹

¹ Sjá vefsíðu samtakanna: <<https://ssv.is/ssv/um-ssv/>>

Sameiginlegt umhverfis- og skipulagssvið er starfandi fyrir Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ og Eyja- og Miklaholtshrepp. Sameiginlegir skipulags- og byggingarfulltrúar eru með fasta viðveru í Ráðhúsinu í Stykkishólmi og Ráðhúsinu í Grundarfirði, auk viðveru í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit eftir þörfum.

Helgafellssveit

Skrifstofa sveitarfélagsins er á heimili oddvita. Sveitarstjórn sinnir verkefnum fastanefnda utan;

- Skipulags- og bygginganefnd með þrjá fulltrúa.
- Kjörstjórn með þrjá fulltrúa.
- Stjórn Gagnaveitu Helgafellssveitar ehf.
- Stjórn Félagsheimilisins Skjaldar, þrír fulltrúar af fimm. (félagsheimilið er í eigu sveitarfélagsins, kvenfélagsins og ungmennafélagsins)

Aðkeypt þjónusta snýr aðallega að bókhaldi og fasteignaskrá. Þjónustustofan í Grundarfirði sér um bókhald og innheimtu og gerð ársreiknings hjá Helgafellssveit og Deloitte hefur séð um endurskoðun ársreikninga.

Sveitarfélagið er aðili að samstarfssamning við Stykkishólmsbæ um ýmsa þjónustuþætti

- þjónusta leik-, grunn- og tónlistarskóla, slökkviliðs.

Stykkishólmsbær

Ráðhús Stykkishólmsbæjar er staðsett í Stykkishólmi. Bæjarstjórn, bæjarráð og nefndir hafa þar hafa fundaraðstöðu. Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða, Náttúrustofa Vesturlands og Háskólasetur Snæfellsness hafa aðsetur í sama húsi.

Í bæjarstjórn sitja sjö fulltrúar og fastanefndir eru 12:

- Bæjarráð (3)
- Atvinnu- og nýsköpunarnefnd (5)
- Safna- og menningarmálanefnd (5)
- Skipulags- og byggingarnefnd (5)
- Skóla- og fræðslunefnd (5)
- Umhverfis- og náttúruverndarnefnd (3)
- Velferðar- og jafnréttismálanefnd (5)
- Æskulýðs- og íþróttarnefnd (5)
- Kjörstjórn (3)
- Ungmennaráð (7)
- Hafnastjórn (5)
- Stjórn Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi (3)

Bæjarráð, bæjarritari, skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi hafa ákveðnar fullnaðarafgreiðsluheimildir sem lýst er í viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur reglur, stefnur og áætlanir, bæði lögbundnar og ólögbundnar, til að tryggja skilvirka og vandaða stjórnslu, t.a.m. siðareglur, innkaupareglur, eineltisstefnu, fjölskyldustefnu, forvarnarstefnu, jafnréttisáætlun, menningarstefnu, stefnu í málefnum aldra, reglur um styrkveitingar, reglur um námsstyrki, siðareglur yfirmanna sveitarfélagsins og verklagsreglur um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir og heimildir vegna tilfærslu á milli deilda sem og milli fjárfestingarverkefna. Sjá nánar á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

Lögskyld áætlanagerð og verkefni

Sveitarfélög hafa mikið frelsi til að ráða málefnum sínum sjálf. Löggjafinn setur þó ákveðnar kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna, m.a. í því skyni að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna.

Í töflunni hér að neðan má, í dæmaskyni, finna ýmis verkefni og áætlanir sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum. Upplýsingarnar eru byggðar á gögnum á vefsíðu Stykkishólmsbæjar og eftirlitsaðila. Helgafellssveit er ekki með vefsíðu fyrir sveitarfélagið.

Lögskyld verkefni	Helgafellssveit	Stykkishólmsbær
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	Nei	Já
Aðalskipulag í gildi	Já	Já
Húsnæðisáætlun í gildi	Nei	Já
Jafnlaunavottun (ef það eru fleiri en 25 starfsmenn)	Á ekki við	Í vinnslu
Loftlagsstefna	Í vinnslu	Í vinnslu
Grunnskólastefna í gildi	Nei	Já
Leikskólastefna í gildi	Nei	Já
Siðareglur birtar	Nei	Já
Staðfesting ársreiknings	Já	Já
Fjárhagsáætlun samþykkt	Já	Já
Reglur um fjárhagsaðstoð	Já	Já
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Já	Já

Helgafellssveit er eitt af fimm sveitarfélögum á landinu sem hefur ekki sett sér samþykkt um stjórn og fundarsköp. Mikilvægt er að bætt verði úr því, verði sameiningu sveitarfélaganna

hafnað, svo íbúar sveitarfélagsins hafi fullnægjandi upplýsingar um stjórnarsýslu og stjórnskipulag sveitarfélagsins og ákvarðanir þess séu teknar á lögmaetum grundvelli. Ef sveitarfélögin sameinast ekki er ljóst að ýmsar breytingar þurfa að eiga sér stað í stjórnarsýslu Helgafellssveitar svo kröfum löggjafans verði mætt. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga skal íbúum sveitarfélags kunnert með opinberri auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi. Einnig skal sveitarstjórn birta opinberlega innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn fundarboð og dagskrá fundar, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi. Helgafellssveit uppfyllir ekki ákvæði 3. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga um opinbera boðun og auglýsingu funda. Vegna skorts á vefsíðu hefur Helgafellssveit ekki kost á að uppfylla reglugerð nr. 464/2018, um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda, og og 11. og 13. gr. upplýsingalaga.

Slökkvilið

Helgafellssveit er aðili að slökkviliði Stykkishólms og slökkviliðin á Vesturlandi eru með samning um gagnkvæma aðstoð. Í dreifbýli er alltaf áskorun að nálgast vatn. Til framtíðar er æskilegt að leggja mat á hvort og hversu marga brunahana er nauðsynlegt að setja upp í dreifbýli. Verði af sameiningu sveitarfélaganna leggur nefndin til að ný sveitarstjórn endurskoði Brunavarnaráætlun með tilliti til tækifæra til úrbóta í dreifbýli.